



## Almenn hækkun á hlutabréfamörkuðum í mars

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hækkaði í mars ásamt hlutabréfamörkuðum flestra viðskiptalanda Íslands. Upp úr miðjum mars varð þó hröð lækkun hér á landi eins og annars staðar, þegar heimsmarkaðsverð olíuverð hækkaði hratt. Þegar olíuverðið lækkaði síðan á ný urðu aftur hækkunir á mörkuðum og endaði mánuðurinn því á jákvæðum nótum.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í kauphöllinni hækkaði Brim mest í mars, um tæp 19%. Næstmest hækkaði Skeljungur, eða um 13,5%, og þriðja mesta hækkunin var hjá Eimskip, eða 11,9%. Þar á eftir komu Síldarvinnslan (11%), Reginn (9,5%) og Hagar (9%). Mesta lækkunin var hjá Iceland Seafood en félagið lækkaði um rúm 8%. Þar á eftir kom Sýn með 8,1% lækkun og VÍS með 6,7% lækkun. Þar á eftir komu svo Icelandair Group (-6,2%), Origo (-3,9%) og Arion banki (-2,8%). Alls hækkaði verð 13 félaga en 6 félög lækkuðu. Eitt stóð í stað en það var Íslandsbanki.


### Eimskip hækkað mest síðustu 12 mánuði

Sé horft til 12 mánaða ávöxtunar einstakra félaga heldur Eimskip ennþá efsta sætinu með tæplega 108% hækkun. Skammt þar á eftir kemur Brim sem hefur hækkað um tæp 90%. Þar á eftir kemur Origo með tæplega 80% hækkun. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, er eitt af tveimur félögum sem hafa lækkað í verði á síðustu 12 mánuðum, um 12,1%. Iceland Seafood hefur lækkað um 10,6% en þá lækkun má að stóru leyti skýra með þeirri lækkun sem varð í mars. Minnsta hækkunin er hjá Kviku banka, eða 12,5%. Næstminnsta hækkunin er einnig hjá öðrum banka, Íslandsbanka, en það skýrist að hluta til af því að félagið var skráð á markað í júlí á síðasta ári og á því ekki 12 mánaða sögu.


### Íslenski markaðurinn hækkaði um 4,2% í mars

Íslenski markaðurinn hækkaði um 4,2% í mars samkvæmt heildarvísitölu OMX.<sup>1</sup> Hlutabréfamarkaðir helstu viðskiptalanda Íslands hækkuðu einnig flestir. Hækkunin var mest í Noregi,

Ávöxtun hlutabréfa í mars



12 mánaða ávöxtun hlutabréfa



<sup>1</sup> Iceland All-share Total Return (OMXGI)




7,2% en næstmest hér á landi. Þar á eftir kom Kanada með 3,6% hækkun og Bandaríkin með 3,2% hækkun. Mest var lækkunin í Kína, eða 6,1%. Þar á eftir kom Þýskaland með 4,4% lækkun. Finnland lækkaði einnig lítillega, eða um 0,5%.

Í byrjun mars varð töluverð lækkun á innlendum hlutabréfamarkaði rétt eins og annars staðar. Heimsmarkaðsverð olíu var þá að hækka mjög hratt og hafði það mikil áhrif á hlutabréfamarkaði. Þann 8. mars náði verðið lágpunkti mánaðarins og hafði þá lækkað um 6,4% á einni viku. Síðan tók við mjög snögg hækkun og náði heildarvísitalan sínu hæsta gildi um miðjan mars og hafði þá hækkað um 4,6% frá byrjun mars. Markaðurinn gaf síðan aftur aðeins eftir en hækkaði svo aftur fyrir mánaðamót og endaði í 4,2% hækkun miðað við upphaf mánaðarins.

### **Mesta 12 mánaða hækkunin hefur verið hér á landi**


Ef við berum Ísland saman við helstu viðskiptalönd okkar hefur markaðurinn hér á landi skilað mestri ávöxtun síðustu 12 mánuði. Ávöxtunin var 26% hér á landi. Næstmest hefur hún verið í Noregi, tæp 24%, en þar á eftir kemur Kanada með 17% hækkun. Lækkunarir hafa verið á þremur mörkuðum en lækkunin í Þýskalandi hefur verið mest, eða 3,4%. Þar á eftir kemur Finnland með 2,1% lækkun og Japan með 0,4% lækkun. Minnsta hækkunin hefur verið í Svíþjóð, 1,6%.

### **Ávöxtun hlutabréfamarkaða í mars**



Heimild: Macrobond

### **12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða**



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.